



Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur: Grisjunarráð 4/2015.
Dagsetning og tími: 7. apríl 2015, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

- Grisjunarbeiðni Hrafnistu dags. 7. júní 2013 – Skráningarblöð fyrir fasta lyfjagjöf.
- Grisjunarbeiðni Samgöngustofu dags. 2. mars 2015 – Niðurstöður ökuþrófa.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Grisjunarbeiðni Hrafnistu dags. 7. júní 2013 – Skráningarblöð fyrir fasta lyfjagjöf (málsnr. 1306012).

Beiðnin var samþykkt. Hrafnistu er heimilt að eyða skráningarblöðum fyrir fasta lyfjagjöf með því skilyrði að varðveita skal skjölin í minnst eitt ár áður en þeim er eytt. Forsendur heimildarinnar er að um vinnuskjöl er að ræða og skjölin eru ekki hluti af sjúkraskrá.

2. Grisjunarbeiðni Samgöngustofu dags. 2. mars 2015 – Niðurstöður ökuþrófa (málsnr. 1503003).

Beiðnin var samþykkt. Samgöngustofu er heimilt að eyða niðurstöðum ökuþrófa tveimur árum eftir próftöku með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll próf frá mars á hverju ári. Forsendur heimildarinnar er að Umferðarstofa, fyrirrennari Samgöngustofu, fékk heimild til grisjunar sama skjalaflokks 12. mars 2010.

Fundi slitið kl. 12:46.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)